

beurer FT-09/1 Hitamælir

Fyrir mælingu í endaparmi, handarkrika eða munni



Mæling í handarkrika: Þessi aðferð er aldrei nákvæm þannig að við mælum ekki með því að nota hana. Ef hún er notuð þarf mælirinn að vera í handarkrikanum í ca. 5 mínútur. Frávik frá endaparmsmælingu geta verið allt frá 0,7 til 2 gráður celsius.

Mæling í munni: Setjið mælinn undir tunguna nálægt tungurótinni. Bíðið eftir tónmerki. Frávik frá endaparmsmælingu geta verið allt frá 0,4 til 1,5 gráður Celsius.

Mæling í endaparmi: Þetta er öruggasta og nákvæmasta aðferðin. Stingið mælinum ca 2-3 cm inn í endaparminn og bíðið síðan eftir tónmerki

Notkun:

Byrjið á því að fjarlægja fólkuna sem er ofan á skjánum. Ýtið á rofann og þá heyrir smá tónn og síðan framkvæmir mælirinn nokkurs konar sjálfspöfun í ca. 2 sekúndur sem lýkur á því að skjáinn sýni 37°C. Síðan blikkar táknið “°C” og stafirnir “Lo” sjást á skjánum. Mælirinn er nú tilbúinn til notkunar. Á meðan á mælingu stendur sýnir mælirinn viðeigandi mælingu og táknið “°C” blikkar. Þegar stöðugri mælingu er náð gefur mælirinn frá sér hljóðmerki, “°C” merkið hættir að blikka og niðurstaða mælingar kemur á skjáinn. Ef mælirinn sýnir hita sem er 37.8°C gefur mælirinn frá sér “hita-aðvörðun” (stutt 10 sekúndna hljóðmerki) og ef mælirinn fer í 42.9°C eða meira, koma táknin Hi°C á skjáinn.

Til að spara rafhlöðurnar mælum við með að slökkt sé á mælinum – annars slekkur hann á sér sjálfkrafa eftir ca. 10 mínútur.

Minni

Síðasta mæling verður ávallt geymd í minni mælisins. Ýtið aðeins á rofann til að sjá síðustu mæligildin, sem verða á skjánum í ca. 2 sek. En síðan koma gildin “37°C” og “Lo” á skjáinn. Eftir mælingu verður síðan nýja gildi mælingarinnar geymd í minninu.

Skipt um rafhlöðu:

Í hitamælinum er ein rafhlaða af gerðinni “alkali-mangan” tegund LR 41, 1,5V sem ætti að duga í tvö ár. Skipta þarf um rafhlöðu þegar allar tölur og tákn á skjánum fara að blikka. Opnið hólfið fyrir rafhlöðuna varlega og setjið nýja rafhlöðu af sömu gerð í mælinn. Hendið aldrei rafhlöðum með venjulegu sorpi – þær eiga að fara í sérstök hólf fyrir endurvinnslu. Umboðið tekur gjarnan við gömlum rafhlöðum og kemur þeim á endurvinnslustöð.

Umboðsaðili
PFAFF hf
Grensásvegi 13
Sími 414-0450